

Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Laugavegi 13, 4. hæð, þriðjudaginn 12. nóvember 2019 og hófst kl. 14.30. Fundinn sátu Guðrún Kvaran formaður, Ármann Jakobsson varaformaður, Hilmar Hilmarsson og Steinunn Stefánsdóttir. Þröstur Helgason mætti ekki. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. Punktur frá fundi stóru málnefndarinnar 23. október sl.

Sjá fg. ÍM 2/2019, 2. lið. Til stendur að endurskoða íslenska málstefnu og á fundinum var farið yfir punkta frá fundi stóru málnefndarinnar 23. október sl. varðandi þau þrjú atriði sem rædd voru sérstaklega, þ.e. hlut íslensku í kennaranámi, vefgátt með fjölbreyttum gögnum um íslensku og íslensku í almannaráminu.

2. Umsagnarbeiðni við frumvarp til stjórnarskipunarlaga um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands (<https://www.althingi.is/altext/150/s/0313.html>)

Íslensk málnefnd fékk til umsagnar frumvarp til stjórnarskipunarlaga. Send var umsögn þar sem bent var á að íslenska væri þjóðtunga á Íslandi og að ríkisvaldið skuli styðja hana og vernda, sjá: <https://www.althingi.is/altext/erindi/150/150-557.pdf>. Íslensk málnefnd hefur áður sent stjórnarskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis bréf um sama efni, 19. nóvember 2011 og 12. desember 2012.

3. Útgáfurit Íslenskrar málnefndar

Rætt var um þær bækur sem Íslensk málnefnd var útgefandi að. Útgáfa af þessu tagi er ekki lengur á verksviði Íslenskrar málnefndar og ákveðið var að framselja útgáfuréttinn að öllum bókunum til Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Höfundarréttur er eftir sem áður hjá höfundum.

4. Heimasíða Íslenskrar málnefndar

Sjá fg. stj. ÍM 9/2019, 2. lið. Rætt var um ýmis atriði á heimasíðu Íslenskrar málnefndar sem þarf að lagfæra og atriði sem þarf að bæta við, s.s. upplýsingar um norræna málnefndarsamstarfið. Rætt var um að skipta um vefumsjónarkerfi.

5. Önnur mál

a. Svarbréf frá málnefnd stjórnarráðsins

Sagt var frá því að svarbréf hefði borist frá málnefnd Stjórnarráðsins við bréfi sem Íslensk málnefnd sendi í september sl. þar sem bent var á að á heimasíðum ráðuneyta væru birtar ræður ráðherra á ensku án íslenskrar þýðingar. Í bréfi málnefndar stjórnarráðsins kemur fram að öllum ráðuneytum verði send bréf þar sem bent verði á skyldur stjórnvalda að fylgja í störfum sínum ákvæðum laga sem varða íslenska tungu og sem og íslenskri málstefnu og málstefnu Stjórnarráðsins.

b. Fjármál ÍM

Fá þarf yfirlit frá fjármálastjóra um stöðu á reikningi Íslenskrar málnefndar. Einnig þarf að kanna hvort borist hafi allir reikningar frá norrænu málnefndunum. Reikningana verður að greiða fyrir áramót.

c. Myndataka

Sigurður Jónsson frá Arnarvatni afhenti í lok októbermánaðar myndir af Íslenskri málnefnd frá þeim tíma þegar Baldur Jónsson var formaður. Rætt var um að láta taka mynd af stjórn Íslenskrar málnefndar 10. desember en þá verður haldinn síðasti fundur núverandi málnefndar.

d. Þing norrænu málnefndanna í Ósló

Þing norrænu málnefndanna verður haldið í Ósló í ágúst mánuði á næsta ári. Þema þingsins er máltækni og velja þarf íslenskan fulltrúa til að halda erindi á þinginu.

Fleira gerðist ekki; fundi slitið kl. 15.30

Guðrún Kvaran
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir
sign.